



LANDSSAMBAND
smábátæigenda

KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 552 7922
PÓSTFAX 562-6590

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/274
komudagur 28.11.2001

27. nóvember 2001

Sjávarútvegsnefnd Alþingis

Einar K. Guðfinnsson formaður

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 191. mál.

LS fagnar framkomnu frumvarpi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að krókabátum verði stjórnað með sambærilegum hætti og samkomulag varð um milli LS og stjórnvalda 1995 - 1996 og Alþingi staðfesti með lögum nr. 105/1996. Samþykkt frumvarpsins gæfi hinum dreifðu byggðum, sem á undanförunum misserum hafa byggt á útgerð krókabáta, tækifæri til að treysta tilverugrundvöll sinn enn betur.

Engin haldbær rök, þ.m.t. fiskifræðileg, hagfræðileg og lögfræðileg, hafa verið lögð fram sem sýna stjórnarskrárlegt mikilvægi þess að kippa stoðunum undan frekari uppbyggingu hinna dreifðu byggða, né að skerða lífskjör þeirra aðila sem lífsviðurværi hafa af útgerð smábáta, eins og sannarlega hefur gerst með framkvæmd laga nr. 1/1999 1. september sl. Samþykkt þessa frumvarps mun leiðrétta þessi mistök.

Þá mun samþykkt frumvarpsins einnig auka líkur á að ná markmiðum laga um stjórn fiskveiða, þ.e.a. stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Virðingarfyllst

fh. Landssambands smábátæigenda

Örn Pálsson framkvæmdastjóri